



RIKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 1. október 2021
Tilvísun: 2021100002

Ólafur Jónsson

Kæra framsend á grundvelli 2. mgr. 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993

Vísað er til kæru þinnar er barst embætti ríkislögreglustjóra í dag, 1. október 2021, með vísan til ákvæða laga nr. 24/2000 og 2. mgr. 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 var erindi þitt framsent dómsmálaráðuneytinu til þóknanlegrar meðferðar.

F.h. RLS

Kristbjörg Fjöla Hröfisd.
Kristbjörg Fjöla Hröfisdóttir

Afriú
Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

b/t Ríkislögreglustjóra Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur

Netfang: rls@rls.is

Efni: Kæra vegna vöntunar á "innsigli" á kjörkössum við nýafstaðnar Alþingiskosningar 2021. Einnig kæra vegna brota á jafnréttisákvæði 65. Greinar stjórnarkrárinnar. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til og.svo.frv.

Greinargerð-

Dómsmálaráðuneytið sér um undirbúning að framkvæmd Alþingiskosninga.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd kosninga til alþingis sé í samræmi við lög um Alþingiskosningar.

Í þeim kemur fram að innsigla eigi kjörkassa áður en þeir eru fluttir frá kjörstað á talningastað.

Þar kemur m.a. fram sbr. viðhengi að gert er ráð fyrir því að lykill að kjörkassa og innsigli séu ekki í höndum sama aðila þegar kjörkassa hefur verið læst og hann innsiglaður.

Ekkert innsigli var á kjörkössum við nýafstaðnar kosningar þann 25. September 2021. Límmiði á kjörkassa er ekki "ígildi" innsigli. Við lestur laga um alþingiskosningar verður ekki séð að sú túlkun á innihaldi laganna sé heimil.

Innsigli er áhald með opinberu einkenni sem notað er til að þrýsta á fljóttandi vax á umslagi með kjörgögnum og kjörkassa. Ef kjörkassi með innsigli er opnaður þá brotnar innsiglið. Slík vernd kjörgagna er til þess gerð að vernda kjörgögn, merkta atkvæðaseðla og tryggja þannig að vilji kjósenda sé virtur að lokinni kosningu. Vægari aðferð við opinbera röskun á vörslu atkvæðaseðla í kjörkassa er ekki ásættanleg.

Þekkt er að umræddir miðar sagðir ígildi innsigli geta auðveldlega losnað frá kjörkassanum. Slíkt er og vitnisburður um að auðvelt er að losa þá frá kjörkassanum, opna kjörkassann, stroka(með strokleðri) út merkingar kjósenda á kjörseðlum (krossa með blýanti) eða einfaldlega setja nýja kjörseðla í kassann.

Kjörseðlar eru úr vönduðum pappír en ekki með neinum þeim einkennum sem gera það erfitt að prenta (samanborið við m.a. prentun seðla) og nota í stað frumgerðar seðlanna eins og þeir eru afgreiddir af hálfu hins opinbera (Dómsmálaráðuneyti) til kjörstjórna.

Frávik við frágangi á innsigli á kjörkössum. Frávik frá notkun á "hefðbundnu" innsigli- vaxinnsigli- með áþrýstu embættistákni hins opinbera, er ekki ásættanlegt með hliðsjón af þeim markmiðum löggjafans að tryggja að ekki verði röskun á vernd innihalds kjörkassans. Aðeins brotið embættisinnsigli gefur til kynna að slík röskun hafi átt sér stað.

Ástæða er til að kanna einnig "feril" lykila til að opna kjörkassa. Í hverra vörslu eru þeir milli kosninga. Eru til af þeim eitt eða fleiri eintök. Eru lásar á kjörkössum auðopnanlegir fyrir einstakling sem er sæmilegur kunnáttumaður í meðferð lása og lykila. Möglega tekur það innan við eina mínútu að opna lás og fjarlægja "límmiða" á kjörkassa og skipta út kjörseðlum í stað frumgerða þeirra og síðan loka kjörkassanum og ganga frá umræddum límmiða. Áður en kassinn er opnaður er hann settur á vikt, síðan opnaður, tæmdur í ruslapoka. Síðan eru nýir seðlar seðlar settir í kjörkassann þangað til fengin er sama viktartala og var í upphafi. Lykli snúið og miðinn settur á kassann nýr eða notaður.


Pá ber að hafa í huga að merking með blýanti á kjörseðil er ekki besta tryggingin fyrir því að vilji kjósenda með merkingu við listabókstaf tryggi að vilji hans við kosningu sé tryggður. Birópennar eru heppilegri tæki sem rítföng við merkingu á kjörseðla. Þykkt á kjörseðli á að tryggja að litarefni frá merkingu sjáist ekki gegnum pappirinn sem kjörseðillinn er gerður úr. Einsleit verkfæri/rítfæri á öllum kjörstöðum væri heppilegra fyrirkomulag á undirbúningi kosninga af hálfu hins opinbera. Rítfæri í kjörklefum sömu gerðar við einstakar kosningar. Rétt eins og skipt er um lit á kjörseðlum milli Alþingiskosninga við undirbúning þeirra. Í ár gulur pappír. Festa má rítfærin með streng í einstökum kjörklefum. Einungis heimilt að nota rítfæri aðgengileg í kjörklefanum. Í kosningunum 25. September s.l. var ýmist að tekið var við blýantinum um leið og kjörseðlinum og síðan farið í kjörklefann, blýanturinn skilinn eftir eða afhentur um leið og kjörseðillinn var settur í kjörkassann. Þá er rétt að vekja athygli á því að það virðast vera ýmist tveir, þrjár eða fjórir límmiðar á hverjum kjörkassa. Rannsaka þarf hvort eftirlit sé haft með prentun, magni og afhendingu límmiða til kjördeilda. Fljótt á lítið virðist þessi þáttur vera án eftirlits.

Varðandi kjörkassana væri æskilegt að þeir væru í öllum kjördeildum sömu gerðar. Framleiddir undir eftirliti og stjórn Dómsmálaráðuneytisins. Milli kosninga geymdir undir eftirliti embættis Ríkislögreglustjóra. Í kjörkössum væri staðsetningartæki, raflæsing auk lykils. Kjörkassi sendir SMS til eftirlitsaðila ef hann er opnaður áður en hann kemur á talningastað. Þetta er þekkt nútímataækni (reyndar ekki á kjörkössum) sem æskilegt er að nota til að tryggja að vilji kjósenda komi fram í réttu hlutfalli kjörinna fulltrúa á Alþingi. Einnig mætti hafa vikt í botni kjörkassans. Ef röskun verður á þyngd kjörkassa í flutningi milli kjörstaðar og talningastaðar sendir kjörkassinn viðvörðun með SMS til eftirlitsaðila með flutningi kjörkassa. Þá er einnig æskilegt að einvörðungu einkennisklæddir lögregluþjónar og lögreglubíreiðar séu notaðar við flutning kjörkassa frá kjörstöðum til talningastaða. Kæra þessi tekur til allra kjördeilda í öllum kjördæmum. Kæran varðar vöntun á löglegu innsigli á kjörkössum við kosningar til Alþingis 25. September 2021.

Allir skulu jafnir fyrir lögnum. Í 65. Grein stjórnarskrárinnar er tekið fram að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjódernisuppruna, kynþáttar og svo framvegis. Slíkt gildir þá jafnframt varðandi búsetu á landinu. Samtals gild atkvæði við kosningarnar 25. September s.l. voru 199.730- meðaltal 3170 atkvæði. Einn flokkur fær 13 þingmenn í stað 11 þingmanna miðað við atkvæðafjölda á landsvisu. Einn flokkur fékk engan kjörinn þrátt fyrir að vera með fleiri atkvæði en 2 x meðaltalið 3170 atkvæði eða samtals 8.188 atkvæði. Samtals 6340 hefðu átt að duga til að fá 2 menn kjörna. Aðeins meðaltal getur verið til viðmiðunar varðandi rétt til sætis á Alþingi. Hér er um að ræða brot á jafnréttisákvæði í 65 gr. gildandi stjórnarskrár. Til að bæta úr þessu er skynsamlegast að gera allt landið að einu kjördæmi. Umrætt brot á jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar er hér með kært til Ríkislögreglustjóra.

Virðingarfyllst,

Hafnarfirði, 30. September 2021.


Ólafur Jónsson,
Gsm: 8652209-
Netfang: gwpolj@gmail.com

NB. Varðandi lög um kosningar til Alþingis, sjá eftirfarandi varðandi kosningakærum.

XXI. KAFLI **Kosningakærum.** **118. gr.**

Nú kærir einhver kjósendi að þingmann er kosningu hlaut skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan fjögurra vikna frá því að kosningaúrlit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda [ráðuneytinu]¹⁾ kæru í tveimur samritum. [Ráðuneytið]¹⁾ sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun. ¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

119. gr. Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð sveitarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi lögreglustjóra og fer um þau að hætti [sakamála].¹⁾



Hlusta

Veldu útgáfuNýjasta útgáfa hverju

sinni

Lagasafn. Íslensk lög 13. apríl 2021. Útgáfa 151b. Prenta í [veimur dálkum](#).

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

1944 nr. 33 17. júní

[Ferill málsins á Alþingi.](#) [Frumvarp til laga.](#)

Tók gildi 17. júní 1944. Breytt með: [L. 51/1959](#) (tóku gildi 20. ágúst 1959), [L. 9/1968](#) (tóku gildi 24. apríl 1968), [L. 65/1984](#) (tóku gildi 13. júní 1984), [L. 56/1991](#) (tóku gildi 31. maí 1991), [L. 97/1995](#) (tóku gildi 5. júlí 1995), [L. 100/1995](#) (tóku gildi 5. júlí 1995), [L. 77/1999](#) (tóku gildi 1. júlí 1999), [L. 91/2013](#) (tóku gildi 18. júlí 2013).

I.

1. gr.

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómvaldið.

II.

3. gr.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr. „

47. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna ...¹⁾ drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

¹⁾[L. 56/1991, 16. gr.](#)

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

...¹⁾

VII.

65. gr.

[Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðemisuppruna, kynþáttar, lítarháttar, efnahags, ættarnis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.]¹⁾

¹⁾[L. 97/1995, 9. gr.](#)

72. gr.

[Eignarrétturinn er fríðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningssþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 10. desember 1948

21. grein 1.

Allir hafa rétt til að taka þátt í stjórn lands síns,

beint eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum.

2. Allir eiga jafnan rétt til þess að gegna opinberum störfum í landi sínu.

3. Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar.

Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum,

Enda sé kosningaréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafnaldri hennar.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu¹⁾

1994 nr. 62 19. maí

¹⁾Lögunum var breytt með l. 118/2015; breytingarnar taka gildi um leið og samningsviðauki nr. 15 öðlast gildi að því er Ísland varðar, sbr. 7. gr. viðaukans.

Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.

Tóku gildi 30. maí 1994. Breytt með: L. 25/1998 (tóku gildi 1. nóv. 1998). L. 128/2003 (tóku gildi 30. des. 2003). L. 56/2005 (tóku gildi 1. júní 2010 skv. augl. A 44/2010). L. 118/2015 (taka gildi um leið og samningsviðauki nr. 15 öðlast gildi að því er Ísland varðar).

■ 3. gr. [Réttur til frjálsra kosninga.]¹⁾

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

¹⁾Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.